

S A M K O M U L A G
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar

og

Félags prófessor við ríkisháskóla hins vegar
um launakjör prófessora við ríkisháskóla
Gildir frá 1. maí 2008 til 31. mars 2009

26. september 2008

Aðilar eru sammála um að í kjölfar tilfærslu kjaraákvæðana prófessora frá kjararáði sé eðlilegt að skoða með hvaða hætti útfæra skuli það verklag sem er á mati verka prófessora til stiga. Við þá skoðun skal höfð hliðsjón af að matskerfið nýtist áfram til að efla og styðja rannsóknir við ríkisháskólana. Aðilar meta það svo að slíkt verk þurfi lengri tíma og frekari gagnaöflunar en færi gafst við samningsgerðina. Vísindasvið Háskóla Íslands mun annast mat á verkum prófessora og reikna út ritlaun og hækkanir milli flokka þar til aðilar hafa komið sér saman um verklag við mat á verkum prófessora.

Skipa skal sérstaka nefnd fyrir 1. nóvember 2008 sem hafi það viðfangsefni að útfæra framtíðarskipan verklags við stigaútreikning fyrir prófessora við ríkisháskóla. Skal hún skipuð einum fulltrúa frá menntamálaráðuneyti, einum fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, einum fulltrúa frá Háskóla Íslands, einum fulltrúa sameiginlega frá öðrum ríkisháskólum, einum fulltrúa frá Félagi prófessora og oddamanni sem aðilar sammælast um sem sé jafnframt formaður nefndarinnar. Nefndin skal skila tillögum til samningsaðila eigi síðar en 1. febrúar 2009.

Núverandi fyrirkomulag á launagreiðslum, verður því óbreytt á gildistíma kjarasamnings aðila, þó þannig að grunnlaun prófessora hækka um 20.300 krónur frá 1. maí 2008 og um 2,42% frá 1. september 2008. Þá skulu einingargreiðslur hækka í krónur 5.148 frá 1. maí og í krónur 5.273 frá 1. september 2008.

Vegna nýrra háskólalaga og með hliðsjón af stjórnunarskyldum prófessora eru aðilar ásáttir um að greiða fyrir sérstakt álag með 3 einingum á mánuði m.v. fullt starf á tímabilinu 1. september 2008 til 31. mars 2009. Það álag fellur þá niður.

Samkomulag þetta kemur til viðbótar bráðabirgðasamkomulagi frá 22. maí 2008. Aðilar munu á samningstímanum ljúka gerð þess heildarsamningstexta sem vinna er hafin við og skal stefnt að að ljúka þeirri vinnu í janúar 2009.

Reykjavík, 26. september 2008

F.h. samninganefndar ríkisins með fyrirvara
um samþykki

Gunnar Björnsson (sign.)
Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Sigurður Gils Björgvinsson (sign.)

F.h. Félags prófessora við ríkisháskóla með
fyrirvara um samþykki

Gísli Már Gíslason (sign.)
Þórólfur Matthíasson (sign.)
Rúnar Vilhjálmsson (sign.)